

Fundur í fagdeild Leiðsagnar 1. október 2020

Viðstaddir: Jens Ruminy, Jónas Sigurðsson, Kristín Waage, Steinunn Harðardóttir og Vilborg Anna Björnsdóttir.

Eftirfarandi mál voru rædd á fundinum.

1. *Löggilding*: Sem stendur virðist það utan seilingar að það fáiast löggilding á starfi leiðsögumanna. Vera má að raunfærnimat gæti orðið stökkpallur í þeim áfanga.
2. *Raunfærnimat*: Grunnmat á þekkingu gefur raunfærnimat byggt á skilgreindum hæfnikröfum. Til að uppfylla nauðsynlegar hæfnikröfur sækti fólk nám á því sviði sem því væri ábótavant þar sem því henti.
3. *Náttúruvernd og öryggisþáttur*: Sérstaða íslenskra leiðsögumanna felst m.a. í því að þeir þekkja náttúru landsins og veikleika hennar sem og þær ógnir, sem af henni geti stafað. Ef gerð yrði sú krafa að einungis þeir, sem uppfylla skilyrði um ofangreinda þekkingu megi leiðsegja í þjóðgörðum landsins, gæti skapast forsenda fyrir lögverndun íslenskra leiðsögumanna. Aukin menntun á sviði náttúruverndar og öryggisþátta gæti verið nauðsynleg hvað þetta varðar.
4. *Lögvernd starfsheitisins leiðsögumaður*. Hér vakna eftirfarandi spurningar: “Hvað græðir Ísland á því að hafa menntaða leiðsögumenn? Hvað græða fyrirtækin á því að hafa lærða leiðsögumenn?”
5. *Námskrá*: Námskráin, sem tók gildi 1995 rann út 2011 og hefur engin ný tekið við af henni. Fundarmenn telja löngu tímabært að námskráin sé uppfærð. Uppfærsla slíkrar námskrár er langt og flókið verkefni og krefst aðkomu margra aðila svo ekki ætlar fagdeildarfólk sér að gera annað fyrst um sinn en að hefja skoðun á þeirri, sem fyrir var.
6. *Verkefni*:
 - a. Jens ætlar að kanna hver sjái um námsskrána hjá Menntamálaráðuneytinu.
 - b. Kristín ætlar að hringja í Menntamálaráðuneytið, þegar svar hefur borist frá Jens, og biðja um fund. Það mun nægja að tveir mæti á þann fund.
 - c. Kristín ætlar að senda póst til Péturs Gauta, formanns, og segja honum frá því að nefndarmönnum lítist vel á raunfærnimati verði komið á og að fagdeild muni hefja skoðun á gömlu námsskránni.

Fleira var ekki rætt og var ákveðið að næsti fundur verði miðvikudaginn 14. október kl. 12:00 í húsnæði Leiðsagnar að Stórhöfða 25."